

GJALDSKRÁ

fyrir hunda- og kattahald í Grundarfjarðarbæ.

1. gr.

Af hundum og köttum í Grundarfjarðarbæ skal innheimta gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari, sem ætlað er að standa undir kostnaði við framkvæmd samþykktar um hundahald í Grundarfjarðarbæ, nr. 1194/2011, sbr. 13. gr. og samþykktar um kattahald í Grundarfjarðarbæ, nr. 368/2006, sbr. 10. gr.

2. gr.

Við leyfisveitingu hunds skal innheimta gjald sem hér segir:

Leyfisgjald	7.216 kr.
Bráðabirgðaleyfi	7.216 kr.

3. gr.

Af skráðum hundum skal innheimta árlegt eftirlitsgjald sem hér segir:

Fyrir hvern hund	17.342 kr.
------------------	------------

Sama ár og hundur er skráður skal innheimta eftirlitsgjald hlutfallslega m.v. þann mánuð sem hundur er skráður, sbr. 2. mgr. 13. gr. samþykktar um hundahald.

4. gr.

Leyfisgjald fyrir að halda kött í Grundarfirði skal vera 6.581 kr.

5. gr.

Innifalið í leyfisgjaldi er ábyrgðartrygging, merkisþjald auk umsýslugjalda sveitarfélagsins. Greiðsla vegna ormahreinsunar og ábyrgðartryggingar er innifalin í eftirlitsgjaldi.

6. gr.

Við hverja afhendingu handsamaðs hunds ber að innheimta gjald, 15.822 kr. Að auki skal greiða þann kostnað sem leggst á vegna dvalar eða geymslu viðkomandi hunds. Óskráða hunda má ekki afhenda fyrir en að lokinni skráningu.

Við hverja afhendingu handsamaðs óskráðs kattar ber að innheimta gjald, 15.822 kr. Að auki skal eigandi greiða þann kostnað sem leggst á vegna dvalar eða geymslu viðkomandi kattar. Óskráða ketti má ekki afhenda fyrir en að lokinni skráningu.

7. gr.

Gjalddagi eftirlitsgjalds er 1. mars ár hvert og eindagi 31. mars. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga. Um innheimtu gjalda fer samkvæmt ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998. Gjöld skv. gjaldskránni má innheimta með fjárnámi.

Öll gjöld samkvæmd gjaldskrá þessari reiknast upp árlega miðað við vísitölu neysluverðs, miðað við grunnvísitölu 511,2 stig í desember 2021.

Við afskráningu hunds er eftirlitsgjald endurgreitt í réttu hlutfalli við þá mánuði sem eftir lifa af árinu.

8. gr.

Undanþegnir eftirlitsgjaldi eru hundar sem notaðir eru til löggæslu- eða björgunarstarfa og skal ljósrit af viðurkenningu um þjálfun þeirra afhendast við umsókn um niðurfellingu eftirlitsgjalds. Heimilt er að ógilda niðurfellingu eftirlitsgjalds sé viðkomandi hundur ekki lengur notaður til löggæslu- eða björgunarstarfa samkvæmt skilgreiningu þessari.

9. gr.

Ekki er innheimt eftirlitsgjald af hundum sem að læknisráði eru notaðir til aðstoðar blindu fólki og fötlúðu.

10. gr.

Gjaldskrá þessi sem samþykkt er af bæjarstjórn Grundarfjarðarbæjar er sett samkvæmt 59. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, samþykkt um hundahald í Grundarfirði nr. 1194/2011 og samþykkt um kattahald í Grundarfirði nr. 368/2006 öðlast gildi 1. mars 2022. Jafnframt falla úr gildi gjaldskrár sama efnis nr. 1397/2018 og 1398/2018.

Grundarfirði, 22. febrúar 2022.

Björg Ágústsdóttir bæjarstjóri.

B-deild – Útgáfudagur: 23. febrúar 2022